



# Lögbingablað

Heimilisfang: Ránarbraut 1, 870 Vík. Sími 458 2800. Myndsendir 458 2860.  
Netfang: logbingabladid@syslumenn.is • Veffang: www.logbingablad.is.  
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa) – ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)  
Árg. kostar kr. 82.000, eintakið kr. 802.

Gefið út samkvæmt lögum nr. 15 10. mars 2005

Nr. 65 119. ár

17. apríl 2026

Útgáfud.: 16. apríl 2026

## Áskorun - Ferðaskrifstofuleyfi Hispana Tours ehf. fellt niður

Ferðaskrifstofuleyfi ferðaskrifstofunnar Hispana Tours ehf., kt. 411223-0350, Eskiás 4a, Garðabæ, hefur verið fellt úr gildi frá og með 10. apríl 2026 af hálfu Ferðamálastofu skv. 1. mgr. 14. gr. laga um Ferðamálastofu nr. 96/2018.

Starfsemi ferðaskrifstofunnar var tryggingaskyld vegna sölu pakkaferðar og samtengdrar ferðatilhögunar samkvæmt VII. kafla laga nr. 95/2018 um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun.

Ferðatryggingasjóður endurgreiðir ferðamanni þær greiðslur sem hann hefur innt af hendi vegna pakkaferðar eða samtengdrar ferðatilhögunar sem ekki er framkvæmd í samræmi við samning vegna þess að leyfi félagsins var fellt niður af hálfu Ferðamálastofu.

Með vísan til 27. gr. laga um pakkaferðir er hér með skorað á þá viðskiptavini fyrirtækisins, sem telja sig eiga kröfu á hendur því, sbr. ofangreint, að leggja fram skriflegar kröfulýsingar fyrir 15. júní n.k.

Hægt er að senda kröfur á netfangið [krofur@ferdamalastofa.is](mailto:krofur@ferdamalastofa.is). Með kröfulýsingu skulu fylgja fullnægjandi gögn til sönnunar um kröfuna, svo sem lýsingu á ferð, pakkaferðasamning og greiðslukvittanir fyrir ferðinni.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 535-5500, eða á netfanginu [krofur@ferdamalastofa.is](mailto:krofur@ferdamalastofa.is).

16. apríl 2026  
Ferðamálatofa.  
20260416015A

Útgáfud.: 16. apríl 2026

## Firmaskrá - Helga slf.

Nafn: Helga slf

Kennitala: 7001261020

Heimilisfang: Fífusel 34

Dagsetning samnings: 2.1.2026

Félagsmenn:

Helga Björk Þorsteinsdóttir, kt. 230860-5489, Fífuseli 34, Reykjavík, ábyrgðaraðili

Guðjón Hafsteinn Kristinsson, kt. 130693-3429, Álfheimum 66, Reykjavík, samlagsaðili

Prókúruumboð: Helga Björk Þorsteinsdóttir, kt. 230860-5489, Fífuseli 34, Reykjavík

Firmað rita: Ábyrgðaraðili

Tilgangur: Tilgangur félagsins er viðskiptaráðgjöf.+

Skattaðild: Sjálfstæður skattaðili

Ísat flokkun:

70.22.0 Viðskiptaráðgjöf og önnur rekstraráðgjöf

Rekstrarform: Samlagsfélag, almennt (slf)

Reykjavík, 30. janúar 2026

Firmaskrá  
20260416007A

Útgáfud.: 16. apríl 2026

## Fyrirkall og ákæra - nr. S-184/2026

### Fyrirkall:

Héraðsdómur Suðurlands gerir kunnugt:

Mál nr. S-184/2026.

Ákærandi: Lögreglustjórinn á Suðurlandi.

Ákærði: Elnaz Masoom, verður tekið fyrir á dómþingi 28. maí 2026 kl. 10.04.

Staður: Salur dómstólsins að Austurvegi 4, 800 Selfossi.

Dómsathöfn: Þingfesting.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi.

Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu máls eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum.

### Ákæra:

Lögreglustjórinn á Suðurlandi gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Suðurlands á hendur Elnaz Masoom, f.d. 13.09.1980, með óþekkt lögheimili í Bandaríkjunum, fyrir fíkniefnalagabrot með því að hafa, föstudaginn 12. september 2025, haft í vörslum sínum 0,52 g af tóbaksblönduðu kannabisefni sem ákærða geymdi innanklæða og lögregla fann við afskipti af ákærðu á Austurvegi við Gaulverjabæjarveg á Selfossi umrætt sinn og haldlagði.

Telst háttsemi þessi varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 með síðari breytingum og 2. gr., sbr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, með síðari breytingum.

M: 318-2025-013706

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Enn fremur til að sæta upptöku á 0,52 g af tóbaksblönduðu kannabisefni, sbr. efnaskrá lögreglu nr. 57111, samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, með síðari breytingum.

Hvolsvelli, 9. apríl 2026  
Lögreglustjórinn á Suðurlandi.  
20260416009A

Útgáfud.: 16. apríl 2026

## Fyrirkall og ákæra - nr. S-175/2026

### Fyrirkall:

Héraðsdómur Suðurlands gerir kunnugt:

Mál nr. S-175/2026.

Ákærandi: Lögreglustjórinn á Suðurlandi.

Ákærði: Paolo Bertelli, verður tekið fyrir á dómþingi 28.5.2026 kl. 10.02.

Staður: Salur dómstólsins að Austurvegi 4, Selfossi.

Dómsathöfn: Þingfesting.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi.

Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu máls eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði

metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum.

Héraðsdómi Suðurlands, 6. apríl 2026.

**Sigurður G. Gíslason** dómstjóri.

#### Ákæra:

Lögreglustjórinn á Suðurlandi gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Suðurlands á hendur Paolo Bertelli, kt. 140664-1705, með óþekkt lögheimili á Ítalíu, fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, fimmtudaginn 24. júlí 2025, ekið bifreiðinni ZOY41 um Landmannalaugar í Rangárþingi eystra, við farþegaflutninga í atvinnuskyni án þess að hafa öðlast til þess ökuréttindi, uns lögregla stöðvaði þar aksturinn.

Telst háttsemi þessi varða við 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

M: 318-2025-011157.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu á réttindum til að öðlast ökuskrifteini skv. 4. mgr. 58. gr. laga nr. 77/2019.

**Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurlandi,**

1. apríl 2026.

Hvolsvelli, 6. apríl 2026

**Lögreglustjórinn á Suðurlandi.**

20260416010A

Útgáfud.: 16. apríl 2026

## Fyrirkall og ákæra - nr. S-186/2026

### Fyrirkall:

Héraðsdómur Suðurlands gerir kunnugt:

Mál nr. S-186/2026.

Ákærandi: Lögreglustjórinn á Suðurlandi.

Ákærði: Florian-Alin Barbu, verður tekið fyrir á dómþingi 28. maí 2026 kl. 10.05.

Staður: Salur dómstólsins að Austurvegi 4, Selfossi.

Dómsathöfn: Þingfesting.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi.

Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu máls eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum.

**Ákæra:** Lögreglustjórinn á Suðurlandi gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Suðurlands á hendur Florian-Alin Barbu, f.d. 06.02.1991, með óþekkt lögheimili Rúmeníu, fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, laugardaginn 20. desember 2025, ekið bifreiðinni LKN56 án gildra ökuréttinda og undir áhrifum áfengis (í blóðsýni mældist vínandamagn 2,87 ‰) um Langholt við Byko á Selfossi, þar sem lögregla hafði afskipti af ákærða.

Telst háttsemi þessi varða við 1., sbr. 3. mgr. 49. gr. og 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

M: 318-2025-018180.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 99. gr. og 101. gr. laga nr. 77/2019.

Hvolsvelli, 9. apríl 2026

**Lögreglustjórinn á Suðurlandi**

20260416011A

Útgáfud.: 16. apríl 2026

**Fyrirkall og ákæra - nr. S-144/2026****Fyrirkall:**

Héraðsdómur Suðurlands gerir kunnugt:

Mál nr. S-144/2026.

Ákærandi: Lögreglustjórinn á Suðurlandi.

Ákærði: Lucas Mosquera, verður tekið fyrir á dómþingi 28.5.2026 kl. 10:00.

Staður: Salur dómstólsins að Austurvegi 4, Selfossi.

Dómsathöfn: Þingfesting.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi.

Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu máls eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum.

**Ákæra:**

Lögreglustjórinn á Suðurlandi gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Suðurlands á hendur Lucas Mosquera, f.d. 11.10.1990, með óþekkt lögheimili á Spáni, fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, miðvikudaginn 11. mars 2026, ekið bifreiðinni UTT09 of hratt miðað við aðstæður þar sem vegur var blautur, án þess að hafa fullt vald á bifreiðinni svo hann gæti stöðvað hana á þeim hluta vegar sem fram undan var áður en komið var að hindrun og of nálægt bifreiðinni IP228, sem ekið var á undan í sömu akstursstefnu, allt framangreint með þeim afleiðingum að ákærði ók bifreið sinni aftan á bifreiðina IP228 og árekstur varð með bifreiðunum, þegar ökumaður bifreiðarinnar IP228 dró úr hraða hennar.

Telst háttsemi þessi varða við 2. mgr. 18. gr. og 1. og h. lið 2. mgr. 36. gr., sbr. 1. mgr. 94. gr. og 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

M: 318-2026-003181.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Hvolsvelli, 6. apríl 2026

**Lögreglustjórinn á Suðurlandi.**

20260416012A

Útgáfud.: 16. apríl 2026

**Fyrirkall og ákæra - nr. S-80/2026****Fyrirkall:**

Héraðsdómur Suðurlands gerir kunnugt:

Mál nr. S-80/2026.

Ákærandi: Lögreglustjórinn á Suðurlandi.

Ákærði: Aleksas Kartanas, verður tekið fyrir á dómþingi 28.5.2026 kl. 10:01.

Staður: Salur dómstólsins að Austurvegi 4, 800 Selfossi.

Dómsathöfn: Þingfesting.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi.

Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu máls eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum.

**Ákæra:**

Lögreglustjórinn á Suðurlandi gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Suðurlands á hendur Aleksas Kartanas, kt. 300194-5169, Ótilgreindu, 200 Kópavogi, fyrir fíkniefnalagabrot með því að hafa, miðvikudaginn 21. maí 2025, í niðurfalli sturtu í klefa númer 237 í fangelsinu Litla-Hrauni á Eyrarbakka, haft í vörslum sínum 8,75 g af ketamíni, með virka efnið ketamine, sem fangaverðir fundu við leit umrætt sinn og afhentu lögreglu.

Telst háttsemi þessi varða við 3. gr., sbr. 4. og 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 með síðari breytingum og 2. gr., sbr. 14. gr. reglugerðar um ávana og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, með síðari breytingum.

M: 318-2025-009145

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar. Enn fremur til að sæta upptöku á 8,75 g af ketamíni, sbr. efnaskrá lögreglu nr. 56560, samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, með síðari breytingum.

Hvolsvelli, 6. apríl 2026  
**Lögreglustjórinn á Suðurlandi.**  
20260416013A

Útgáfud.: 16. apríl 2026

**Innköllun þrotabús - Mosabotnar ehf.**

Með úrskurði Héraðsdómur Norðurlands eystra uppkveðnum 25. mars 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

**Nafn bús:**

Mosabotnar ehf.,  
kt. 650119-1260,  
Gilhaga, 671 Norðurþing

**Frestdagur:**

15. janúar 2026

**Skiptafundur:**

29. júní 2026  
mánudaginn  
kl. 10:15

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra með rafrænum hætti á netfangið [arnar@eignakjor.is](mailto:arnar@eignakjor.is)

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Strandgötu 31, Akureyri, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Akureyri, 28. mars 2026  
**Arnar Sigfússon lögmaður**  
20260409005B

Útgáfud.: 16. apríl 2026

## Innköllun þrotabús - Úr Héraði ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Norðurlands eystra uppkveðnum 25. mars 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Úr Héraði ehf., kt. 500822-1550, Lautavegi 8, 650 Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit	15. janúar 2026	29. júní 2026 mánudaginn kl. 09:45

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfufylsingar skulu sendar skiptastjóra með rafrænum hætti á netfangið [arnar@eignakjor.is](mailto:arnar@eignakjor.is)

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Strandgötu 31, Akureyri, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Akureyri, 28. mars 2026  
**Arnar Sigfússon lögmaður**  
20260409004B

Útgáfud.: 16. apríl 2026

## Innköllun þrotabús - Litli Jón ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Norðurlands eystra uppkveðnum 25. mars 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Litli Jón ehf., kt. 580413-2770, Kotárgerði 8, 600 Akureyri	15. janúar 2026	29. júní 2026 mánudaginn kl. 09:15

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfufylsingar skulu sendar skiptastjóra með rafrænum hætti á netfangið [arnar@eignakjor.is](mailto:arnar@eignakjor.is)

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Strandgötu 31, Akureyri, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Akureyri, 28. mars 2026  
Arnar Sigfússon lögmaður  
20260409008B

Útgáfud.: 16. apríl 2026

### Innköllun protabús - Snjómokstur og háلكuvarnir ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur uppkveðnum 15. apríl 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Snjómokstur og háلكuvarnir ehf., kt. 600116-0370, Efstasundi 26, Reykjavík	30. október 2025	26. júní 2026 föstudaginn kl. 10:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Efstaleiti 5, 103 Reykjavík eða rafrænt á netfangið [ingibjorgthora@logos.is](mailto:ingibjorgthora@logos.is).

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Efstaleiti 5, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 15. apríl 2026  
Bjarnfreður Ólafsson lögmaður  
20260416020A

Útgáfud.: 16. apríl 2026

### Innköllun protabús - IAM húsasmiður ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur uppkveðnum 15. apríl 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
IAM húsasmiður ehf., kt. 550419-3270, Álftamýri 34, Reykjavík	26. nóvember 2025	26. júní 2026 föstudaginn kl. 09:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Efstaleiti 5, 103 Reykjavík eða rafrænt á netfangið [ingibjorgthora@logos.is](mailto:ingibjorgthora@logos.is).

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Efstaleiti 5, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 15. apríl 2026  
**Ólafur Eiríksson lögmaður**  
20260416021A

Útgáfud.: 16. apríl 2026

### Innköllun þrotabús - Enox World Holdings ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur uppkveðnum 15. apríl 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

**Nafn bús:**

Enox World Holdings ehf.,  
kt. 690806-1180,  
Fríkirkjuvegi 3, Reykjavík

**Frestdagur:**

26. nóvember 2025

**Skiptafundur:**

30. júní 2026  
Þriðjudaginn  
kl. 10:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Dalvegi 30, 201 Kópavogi eða rafrænt á netfangið [guthorsteinsdottir@deloitte.is](mailto:guthorsteinsdottir@deloitte.is).

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Dalvegi 30, Kópavogi, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Kópavogur, 15. apríl 2026  
f.h. Guðbjargar Þorsteinsdóttur  
**Svavar Daðason lögmaður**  
20260416022A

Útgáfud.: 16. apríl 2026

### Innköllun þrotabús - Christiansen Design and Development ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur uppkveðnum 15. apríl 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Christiansen Design and Development ehf., kt. 690814-1020, Furugerði 19, Reykjavík	26. nóvember 2025	30. júní 2026 Þriðjudaginn kl. 09:30

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eignu í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Dalvegi 30, 201 Kópavogi eða rafrænt á netfangið guthorsteinsdottir@deloitte.is.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Dalvegi 30, Kópavogi, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Kópavogur, 15. apríl 2026  
f.h. Guðbjargar Þorsteinsdóttur  
**Svavar Daðason lögmaður**  
20260416023A

Útgáfud.: 16. apríl 2026

## Innköllun þrotabús - B.I.skór ehf

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur uppkveðnum 15. apríl 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
B.I.skór ehf, kt. 700800-3690, Kringlunni 4-12, Reykjavík	26. nóvember 2025	30. júní 2026 Þriðjudaginn kl. 09:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eignu í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Dalvegi 30, 201 Kópavogur eða rafrænt á netfangið guthorsteinsdottir@deloitte.is.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Dalvegi 30, Kópavogi, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Kópavogi, 15. apríl 2026  
f.h. Guðbjargar Þorsteinsdóttur

**Svavar Daðason lögmaður**  
20260416024A

Útgáfud.: 16. apríl 2026

## **Kaupmálar - Suðurland**

Í marsmánuði 2026 voru eftirtaldir kaupmálar færðir í allsherjarskrá kaupmála hjá embætti Sýslumannsins á Vesturlandi í Stykkishólmi skv. 86. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Viðtökudags. hjá Sýslumanninum á Suðurlandi er getið innan sviga:

Skarphéðinn Ólason, kt. 290350-2639 og Damaris Mukonyo Musyoka, kt. 260878-9999 (25.3.2026).  
Hafdís Eggertsdóttir, kt. 190953-4679 og Sveinn Þorsteinsson, kt. 141050-4199 (19.3.2026).  
Guðrún Ingimundardóttir, kt. 051052-2429 og Þórir Snorrason, kt. 011243-4799 (16.3.2026).

Stykkishólmi, 9. apríl 2026  
f.h. Sýslumannsins á Vesturlandi,  
**Edda Baldursdóttir.**  
20260416016A

Útgáfud.: 16. apríl 2026

## **Kaupmálar - höfuðborgarsvæðið**

Í marsmánuði 2026 voru eftirtaldir kaupmálar færðir í allsherjarskrá kaupmála hjá embætti Sýslumannsins á Vesturlandi í Stykkishólmi skv. 86. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Viðtökudags. hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu er getið innan sviga:

Andri Steinn Jóhannsson, kt. 210284-2149 og Gessica Pantoja Andrade, kt. 140191-4939 (27.3.2026).  
Guðný Indíana Guðmundsdóttir, kt. 261087-2279 og Hrólfur Árnason, kt. 100587-2389 (25.3.2026).  
Ólafur Ketilsson, kt. 281266-2929 og Melissa Guðlaug Haire, kt. 110179-4809 (24.3.2026).  
Ólafur Kjartansson, kt. 060282-4209 og Anny Jose Porras Palenica, kt. 170891-9999 (19.3.2026).  
Alexandru-Stefan Branesco, kt. 130285-4579 og Yareimi Array Reyes, kt. 081288-4379 (19.3.2026).  
Laufey Gunnarsdóttir, kt. 040152-2379 og Jóhann Heiðar Jóhannsson, kt. 080745-2739 (19.3.2026).  
Jóhanna Gunnlaugsdóttir, kt. 291164-3079 og Colm Martin McGinley, kt. 220663-2059 (19.3.2026).  
Sveinn Marinósson, kt. 140863-2039 og Betty Mercedes Prieto Carbo, kt. 250974-9999 (18.3.2026).  
Kristín Dór Halldórsdóttir, kt. 010959-5279 og Ragnar Kornelíus Lövdal, kt. 280958-2559 (18.3.2026).  
Ármann Skæringsson, kt. 170376-3239 og Jonathan Stuart Sadler, kt. 131089-5039 (13.3.2026).  
Hrafnhildur Tekla Björnsdóttir, kt. 050601-4550 og Edward Rumba, kt. 131199-3259 (13.3.2026).  
Helga Guðríður Ottósdóttir, kt. 220981-6069 og Ásmundur Ingvi Ólason, kt. 220776-5069 (13.3.2026).  
An Phuc Nguyen, kt. 060303-2900 og Thi Huyen Ngo, kt. 060203-4740 (13.3.2026).  
Alfreð Pálsson, kt. 280573-5159 og Agnes Kristín Gestsdóttir, kt. 060582-5059 (12.3.2026).  
Gunnar Kristjánsson, kt. 220865-3129 og María Guðmundsdóttir Gígja, kt. 280268-4299 (11.3.2026).  
Björg Jónsdóttir, kt. 040159-5849 og Ingólfur B Aðalbjörnsson, kt. 070154-3749 (10.3.2026).  
Ásrún Ísleifsdóttir, kt. 070891-3799 og Sævar Þór Pálsson, kt. 081092-2229 (6.3.2026).  
Ása Bernhardsdóttir, kt. 021158-3219 og Páll Kristinsson, kt. 160855-3049 (6.3.2026).  
Ívar Örn Helgason, kt. 020480-4679 og Patharavadee Juntorn, kt. 251181-4979 (5.3.2026).  
Patrycja Szady, kt. 230798-4009 og Enri Naci, kt. 061083-5299 (5.3.2026).  
Ásta Pétursdóttir, kt. 171057-4699 og Júlíus Bjarnason, kt. 190356-5239 (4.3.2026).  
Christian Andres Espinosa Polo, kt. 270291-5549 og Jean Pierre Jaramillo Bolanos, kt. 060693-3319 (4.3.2026).

Anna Mist Guðmundsdóttir, kt. 190995-3219 og Ali Abbas Sulieman, kt. 070898-5519 (2.3.2026).  
María Líf Reynisdóttir, kt. 010898-2859 og Alvar Nói Salsola, kt. 050598-2849 (2.3.2026).

9. apríl 2026  
**Sýslumaðurinn á Vesturlandi.**  
20260416017A

Útgáfud.: 16. apríl 2026

### Skiptalok - Brúnka slf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur, uppkveðnum 7. janúar 2026, var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Skiptum var lokið þann 9. apríl 2026.

Lýstar kröfur námu samtals kr. 27.614.045.

#### Nafn bús:

Brúnka slf.,  
kt. 560622-1200

Reykjavík, 10. apríl 2026  
f.h. Gunnlaugs Garðarssonar lögmanns  
**Áslaugar Gunnlaugsdóttur lögmaður**  
20260416001A

Útgáfud.: 16. apríl 2026

### Skiptalok - EAG Import ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjaness, uppkveðnum 22. janúar 2026, var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Skiptum var lokið þann 9. apríl 2026.

Engar eignir fundust í búinu og var því skiptum lokið á skiptafundi þann 9. apríl 2026, samkvæmt 155 gr. 1. nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag.

#### Nafn bús:

EAG Import ehf.,  
kt. 490623-0780

#### Lýstar kröfur:

3.879.691 kr.

Reykjavík, 10. apríl 2026  
**Þórir Örn Árnason lögmaður**  
20260416002A

Útgáfud.: 16. apríl 2026

### Skiptalok - Skate ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjaness, uppkveðnum 22. janúar 2026, var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Skiptum var lokið þann 9.

apríl 2026.

Engar eignir fundust í búinu og var því skiptum lokið á skiptafundi þann 9. apríl 2026, samkvæmt 155 gr. 1. nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag.

**Nafn bús:**

Skate ehf.,  
kt. 490620-0360

**Lýstar kröfur:**

3.136.709 kr.

Reykjavík, 10. apríl 2026  
**Þórir Örn Árnason lögmaður**  
20260416003A

Útgáfud.: 16. apríl 2026

### **Skiptalok - Duret ehf.**

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjaness, uppkveðnum 22. janúar 2026, var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Skiptum var lokið þann 9. apríl 2026.

Engar eignir fundust í búinu og var því skiptum lokið á skiptafundi þann 9. apríl 2026, samkvæmt 155 gr. 1. nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag.

**Nafn bús:**

Duret ehf.,  
kt. 490819-0960

**Lýstar kröfur:**

3.721.803 kr.

Reykjavík, 10. apríl 2026  
**Þórir Örn Árnason lögmaður**  
20260416004A

Útgáfud.: 16. apríl 2026

### **Skiptalok - Fast Ráðgjöf slf.**

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur, uppkveðnum 7. janúar 2026, var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Skiptum var lokið þann 9. apríl 2026.

Lýstar kröfur námu samtals kr. 2.750.852.

**Nafn bús:**

Fast Ráðgjöf slf.,  
kt. 450722-1110

Reykjavík, 10. apríl 2026  
f.h. Gunnlaugs Garðarssonar lögmanns  
**Áslaugar Gunnlaugsdóttur lögmaður**  
20260416005A

Útgáfud.: 16. apríl 2026

**Skiptalok - Hellunes ehf.**

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum 22. janúar 2026, var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Skiptum var lokið þann 9. apríl 2026.

Engar eignir fundust í búinu og var því skiptum lokið á skiptafundi þann 9. apríl 2026, samkvæmt 155 gr. 1. nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag.

**Nafn bús:**

Hellunes ehf.,  
kt. 570298-2169

**Lýstar kröfur:**

2.591.326 kr.

Reykjavík, 10. apríl 2026  
**Þórir Örn Árnason lögmaður**  
20260416006A

Útgáfud.: 16. apríl 2026

**Skiptalok - þb. Fjölhreinsun ehf.**

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 22. janúar 2026 var bú Fjölhreinsunar ehf., kt. 620293-2549, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri þrotabúsins. Skiptum á búinu lauk þann 14. apríl 2026 með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að nokkuð greiddist upp í lýstar kröfur sem samtals námu kr. 1.319.001, auk vaxta og kostnaðar eftir upphafsdag skipta

Reykjavík, 14. apríl 2026  
**Jón Elvar Guðmundsson lögmaður**  
20260416018A

Útgáfud.: 16. apríl 2026

**Skiptalok - þb. Workstep ehf.**

Með úrskurði Héraðsdóms Suðurlands, uppkveðnum 4. apríl 2024 var bú Workstep ehf., kt. 630822-0410, Bláskógum 2, Hveragerði, tekið til gjaldþrotaskipta. Skiptun í búinu var lokið á skiptafundi þann 12. febrúar 2026 á grundvelli 155. gr. laga nr. 21/1991, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, að fjárhæð kr. 16.453.816, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Reykjavík, 9. apríl 2026  
**Ólafur V. Thordersen lögmaður.**  
20260416025A

Útgáfud.: 16. apríl 2026

**Skiptafundir - HBK-Byggingar ehf., Zona International ehf. og Kaffiklúbburinn ehf.**

Skiptafundir í eftirtöldum þrotabúum verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut 24, 2-hæð, Reykjavík á neðangreindum tímum. Komi ekki fram ábendingar um eignir neðangreindum búum í síðasta lagi á

fundinum, má vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli 155. gr. laga nr. 21/1991.

**Nafn bús:**

HBK-Byggingum ehf.,  
kt. 640303-2710

Zona International ehf.,  
kt. 520704-2990

Kaffklúbburinn ehf.,  
kt. 521110-0660

**Skiptafundur:**

27. apríl 2026  
kl. 10:00

27. apríl 2026  
kl. 10:30

27. apríl 2026  
kl. 11:00

Reykjavík, 16. apríl 2026  
**Ásgeir Helgi Jóhannsson.**  
20260416027A

Útgáfud.: 16. apríl 2026

## Auglýsing um skipulag - Rangárþing eystra

### **Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi:**

#### *Sámsstaðabakki - Nýtt deiliskipulag.*

Deiliskipulagstillagan tekur til 16,4 ha svæðis sem gerir ráð fyrir fimm landbúnaðarspildum. Spildurnar eru um 2,5 - 3,4 ha að stærð. Byggingarmagn fer frá 400 m<sup>2</sup> upp í 1.000 m<sup>2</sup> eftir stærð lóðarinnar. Hámarkshæð húsa er allt að 6 m frá botnplötu og þakhalli 0-60 gráður.

### **Samkvæmt 31. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að aðalskipulagsbreytingu og nýtt deiliskipulagi:**

#### *Móbakki - nýtt deiliskipulag.*

Tillagan tekur til þriggja byggingarreita úr landi Móbakka, L238089. Á L2 er gert ráð fyrir allt að 500 m<sup>2</sup> íbúðarhúsi, á L2 er gert ráð fyrir fimm 60 m<sup>2</sup> gestahúsum fyrir allt að 20 gesti en á L1 er gert ráð fyrir 2.000 m<sup>2</sup> reiðhöll og hestaspítala. Hámarks bygginga er 6,5 m en 8,0 m á hestaspítalanum.

#### *Móbakki - aðalskipulagsbreyting.*

Með aðalskipulagslýsingunni er verið að afmarka nýtt skógræktar- og landgræðslusvæði (SL) með heimild til fastrar búsetu. Auk þess verður skilgreind samfélagsþjónusta fyrir dýraspítala og verslunar- og þjónustusvæði fyrir gistingu.

Ofangreindar tillögur er hægt að kynna sér á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á viðtalstíma hjá skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 4, Hvolsvelli. Umsagnar- og athugasemdarfrestur lýsingarinnar er frá 13. apríl til og með 25. maí 2026. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Rangárþingi eystra, 9. apríl 2026  
f.h. Rangárþings eystra,  
**Þóra Björg Ragnarsdóttir.**  
20260416014A

Útgáfud.: 16. apríl 2026

## Auglýsing um skipulag - Bláskógabyggð, Flóahreppur og Grímsnes- og Grafningshreppur

*Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlana:*

*1. Syðri-Brú L168277; Úr fristundasvæði í verslun- og þjónustu; Aðalskipulagsbreyting - 2603066.*

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 13. apríl 2026, að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Breytingin felst í afmörkun þriggja svæða fyrir verslun og þjónustu; tveggja svæða í landi Syðri-Brúar og eins í landi Hæðarenda. Stærðir reitanna eru 18.312 m<sup>2</sup>, 15.261 m<sup>2</sup> og 37.398 m<sup>2</sup>. Allir reitirnir eru í nágrenni fristundabyggða, en landeigendur hafa í huga að byggja þar þyrpingar gistiskála til útleigu.

*2. Mosató 3 hótél L225133; Skógræktar- og landgræðslusvæði SL6 og reitur VP11; Leiðréttar stærðir og aukið byggingarmagn; Aðalskipulagsbreyting - 2601073.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. apríl 2026, að kynna breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Breytingin tekur til skógræktar- og landgræðslusvæðis SL6 og verslunar- og þjónustureits VP11 í landi Hnauss 2. Með tillögunni er lagt til að afmörkun reits VP11 verði skýrð og reiturinn stækkaður um 0,85 ha til norðausturs inn á hluta svæðis SL6, þannig að heildarstærð reitsins verði 3,5 ha, auk þess sem byggingarmagn innan reitsins verði aukið úr 3.700 m<sup>2</sup> í 4.500 m<sup>2</sup>. Jafnframt er lögum syðri fláka íbúðarsvæðis ÍB17 leiðrétt til samræmis við rétta afmörkun lóðarinnar Mosató 2.

*3. Stóri-Háls L170827; Úr landbúnaðarsvæði í skógræktarsvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2601057.*

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 13. apríl 2026 að kynna breytingu á aðalskipulagi sem tekur til Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Með breytingunni verður sett inn nýtt skógræktar- og landgræðslusvæði á Stóra-Hálsi (L170827) og heimiluð skógrækt á allt að 100 ha.

*Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga eftirfarandi deiliskipulagsáætlunar:*

*4. Einiholt 2 L180525; Skilgreining svæðis, íbúðar- og atvinnuhús; Deiliskipulag - 2512017.*

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 1. apríl 2026, að kynna nýtt deiliskipulag eftir kynningu skipulagslýsingar, fyrir íbúðar- og útihús og atvinnustarfsemi á jörðinni Einholti 2 L180525 í Bláskógabyggð. Á jörðinni er íbúðarhús og útihús þar sem stundað er kjúklingaeldi og einnig er þar flugbraut. Landeigandi hyggst byggja nýtt íbúðarhús með bílskúr, 5 gestahús, hesthús með reiðhöll, flugskýli og vera með gistingu fyrir allt að 30 gesti. Á núverandi bæjatorfu er fyrirhugað að byggja 2 hús til viðbótar fyrir kjúklingaeldi. Í aðalskipulagi er jörðin skilgreind sem landbúnaðarsvæði og flugbraut. Ekkert deiliskipulag er í gildi á jörðinni.

*Samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsbreytinga:*

*5. Ásgarður L168229, Breytt landnotkun; Fristundabyggð í landbúnaðarland; Deiliskipulagsbreyting – 2603034.*

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 13. apríl 2026, að auglýsa breytingu deiliskipulags sem tekur til Ásgarðs L168229. Breytingin felst í niðurfellingu Sólbakka úr deiliskipulaginu. Felldar verða niður 11 lóðir við Sólbakka. Skipulagssvæðið minnkar úr 218ha niður í 203ha.

*6. Bakkahverfi L236382 (Torfastaðir); Breytt staðsetning lóða og fækkun; Deiliskipulagsbreyting – 2507060.*

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 13. apríl 2026, að auglýsa breytingu deiliskipulags sem tekur til Bakkahverfis L236382 í landi Torfastaða. Skilgreindar eru fjórar nýjar fristundahúsalóðir sunnan við þegar stofnaðar lóðir við Eiríksgötu (nr. 13, 13a, 13b og 13c). Einnig er Eiríksgata nr. 12 stækkuð til suðurs um 2.732 m<sup>2</sup>, en byggingarreitur er óbreyttur. Á móti eru felldar niður allar fimm lóðir við Njálsgötu. Heildarfjöldi fristundahúsalóða innan skipulagssvæðis lækkar því um eina, úr 29 lóðum í 28. Samanlögð stærð fristundahúsalóða er óbreytt fyrir og eftir breytingu. Fallið er frá gerð Njálsgötu.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni [www.utu.is](http://www.utu.is) og á skipulagsgátt [Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/](http://Skipulagsstofnunar.skipulagsgatt.is/).

Mál 1. - 4. innan auglýsingar er skipulagsmál í kynningu frá 16. apríl 2026 með athugasemdarfresti til og með 8. maí 2026.

Mál 5 og 6 innan auglýsingar er skipulagsmál í auglýsingu frá 16. apríl 2026 með athugasemdarfresti til og með 29. maí 2026.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is) undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið [skipulag@utu.is](mailto:skipulag@utu.is).

Fyrirspurnir má senda á netfang UTU [skipulag@utu.is](mailto:skipulag@utu.is).

14. apríl 2026

**Nanna Jónsdóttir, framkvæmdastjóri umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita.**

20260416019A

Útgáfud.: 16. apríl 2026

## Auglýsing um skipulag - Skaftárhreppur

*Óveruleg breyting á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2023-2043 - Botnar frístundabyggð F7.*

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti á fundi sínum 29. janúar 2026 breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2023-2043 sem felur í sér að auka byggingarheimild á svæði fyrir frístundabyggð í Botnum (F7). Fjöldi lóða og stærð svæðisins er óbreytt. Breytingin fellur undir málmeðferð um óverulega aðalskipulagsbreytingu sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur verið send til staðfestingar HMS.

15. apríl 2026

**Hlynur Torfi Torfason skipulagsfulltrúi.**

20260416026A

Útgáfud.: 16. apríl 2026

## Boðun til þinghalds vegna kröfu um opinber skipti á dánarbúi

*Mál D-189/2026.*

Héraðsdómi Suðurlands hefur borist beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um að dánarbú Sigríðar Jónsdóttur, kt. 230432-3929, sem lést 4. september 2025, síðast með lögheimili að Holtabraut 11, 840 Selfossi og dánarbú Arnar N. Sigurðssonar, kt. 290828-7169, sem lést 10. febrúar 1980, verði tekin til opinberra skipta.

Um lagarök fyrir skiptabeiðni er vísað til 4. tl. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl.

Hér með tilkynnist að málið verður tekið fyrir í Héraðsdómi Suðurlands, Austurvegi 4, Selfossi, miðvikudaginn 20. maí 2026 kl. 11.00.

*Fyrirkall:* Hér með er lagt fyrir db. Ingólfs Arnarsonar, kt. 030357-2649, Danmörku, Fríðu Hrefnu Thomas, kt. 310352-3819, Svíþjóð, Agnesi Arnardóttur, kt. 040361-3599, Noregi og aðra þá sem eiga tilkall til arfs, að mæta fyrir dóminn á ofangreindum stað og tíma.

Vakin er athygli á því að verði ekki sótt þing við framangreinda fyrirtöku málsins og lögmæt forföll ekki boðuð má búast við því að krafan verði tekin til greina og að búið verði tekið til opinberra skipta.

Selfossi, 9. apríl 2026

**Sigurður G. Gíslason dómstjóri.**

20260416008A

---

Lögbirtingablað,

65. tölublað 2026.

---

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi

**Kristín Þórðardóttir**

---

Afritun eða dreifing þessa efnis er óheimil. Efnið kann að innihalda persónuupplýsingar sem njóta verndar samkvæmt lögum nr. 90/2018 og reglugerð (ESB) 2016/679 (GDPR). Óheimil meðferð getur varðað við lög.